

Tæki mánaðarins.

Valdís Brá (formaður Vinnís) og ég (ritarinn) fórum til Stavanger á NES2010 sem fulltrúar Vinnís í NES. Þetta var mjög áhugaverð ferð, fundað í tvo daga með stjórn NES og síðan setið á ráðstefnunni NES2010.

Éitt af efnum ráðstefnunnar var „Framtíðarskrifstofan (The future office)“ en þar var ungur maður, Anders Berget, að kynna verkefni sitt „The healthy office of the future“. Við Valdís vorum svo heillaðar að við báðum hann um leyfi til að kynna þetta nánar á heimasíðu Vinnís. Hann bauð okkur að koma með sér á vinnustaðinn sinn og leyfa okkur að prófa tækið og taka myndir.

Hér svo tækið:



Á myndinni sjáum við Valdísi Brá vinna við tölvuna og með brettið á gönguhraða.

Þetta er rafstýrt hæðarstillanlegt skrifborð og göngubretti. Við prófuðum og þetta virkar! Vel er hægt að bæði ganga og vinna á tölvuna. Ekki er þó búið að rannsaka mikið í kringum þetta og því ekki vitað nákvæmlega hvaða áhrif þetta hefur á líðan starfsmanns.

Okkur datt í hug að það gæti verið sniðugt fyrir vinnustaði með opin vinnurými að setja upp eina slíka stöð fyrir nokkra starfsmenn og ýta þannig undir fjölbreyttar vinnustellingar og daglega hreyfingu starfsfólksins.

Anders var ekki eingöngu með þessa hugmynd heldur einnig að fundarrými með aðstöðu fyrir standandi/gangandi fundi. Hann sótti hugmynd sína í rómverska spekinga sem ávallt funduðu í sölum þar sem hægt var að spjalla saman og ganga um samtímis.



Það verður spennandi að fylgjast með verkefni hans þróast í framtíðinni og hvort við sjáum hreyfanlegra vinnumhverfi í stað hins hefðbundna.

Þetta fyrsta hrós mánaðarins fær því Anders Berget sem sér um að framkvæma það sem margir hafa hugsað um. Hugmyndin er alla vega góð og vel þess virði að prófa.

Lilja Birgisdóttir, ritari Vinnis.